

Snorri Jónsson, dæmdur til 3 ára fangelsisvistar. Hann hefur ekki tekið ákvörðun um, hvort hann óski eftir áfrýjun dómsins.

Með því að sömu ástæður þykja nú gera gæzluvarðhald Snorra Jónssonar nauðsynlegt og fyrir hendi voru við uppkvaðningu úrskurðarins frá 16. júní s.l., þykir óhjákvæmilegt að framlengja gæzluvarðhaldsvist hans, þar til dómur Hæstaréttar gengur í máli ákæruvaldsins gegn honum, sem dæmt var í sakadómi í dag, eða liðinn er frestur sá, sem dómfelldur hefur til að taka ákvörðun um áfrýjun, og þykir gæzluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt að 4 mánuðum.

Því úrskurðast:

Gæzluvarðhald Snorra Jónssonar, Borgarholtsbraut 20, framlengist í allt að 4 mánuðum.

Föstudaginn 5. október 1956.

Nr. 105/1952. Skipaútgerð ríkisins (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Landsbanka Íslands

(Einar B. Guðmundsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skaðabætur. Réttur handhafa fylgibréfs um vörusendingu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1952 og krafizt þess, að hann verði sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fylgibréf þau, sem greinir í málinu og út voru gefin á vegum áfrýjanda, verður að meta heimildarskjöl. Handhöfn á

þeim veitti stefnda rétt til að setja það að skilyrði fyrir afhendingu varanna til h/f Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar, að andvirði þeirra væri greitt. Nú framseldu fyrirsvarsmenn áfrýjanda ölgerðinni vörurnar, án þess að stefndi fengi færi á að neyta réttar síns. Fyrir þessi réttarspjöll á stefndi bótarétt á hendur áfrýjanda. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. júní 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Landsbanki Íslands, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, út gefinni 25. október 1951, gegn Skipaútgerð ríkisins til greiðslu á kr. 5068.96 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómsins. Málavextir eru þessir:

Í árslok 1950 skuldaði Sindri h/f á Akureyri h/f Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni, hér í bæ, kr. 5000.00 vegna fyrri viðskipta. Í janúar 1951 sendi Sindri 30 hylki af kolsýru til ölgerðarinnar. Andvirðið, kr. 4279.60, skyldi renna til greiðslu skuldarinnar. Hinn 1. febrúar 1951 sendi Sindri enn 25 kolsýruhylki til ölgerðarinnar. Andvirði þeirra var kr. 3566.37, en frá því dró Sindri eftirstöðvar skuldarinnar, kr. 720.40, og endurgreiðslu tveggja hylkja, kr. 285.31. Fyrir mismuninum, kr. 2560.66, gaf Sindri út ávísun (í málsskjölunum nefnd víxill) á hendur ölgerðinni. Ávísun þessa, er greiða skyldi við sýningu, seldi Sindri útibúi stefnanda á Akureyri, og fylgdi henni fylgibréf, út gefið af umboðsmanni stefnda á Akureyri. Fylgibréf þetta var merkt „Original“ og var með fyrrgreindum 25 kolsýruhylkjum, er send voru til Reykjavíkur með m/s Esju. Útibúið sendi stefnanda ávísunina til innheimtu, en ölgerðin neitaði að greiða hana og gerði grein

fyrir þeirri neitun í bréfi til Sindra, dags. 19. febrúar 1951, þá, að vegna galla á fyrri sendingum væri skuldin ekki enn að fullu greidd. Hins vegar afhenti stefnda ölgerðinni kolsýruhylkin, og að fyrirlagi framkvæmdastjóra Sindra var þeim síðan ráðstafað til Kolsýruhleðslunnar s/f, hér í bænum. Hinn 16. febrúar 1951 sendi Sindri enn 17 kolsýruhylki til ölgerðarinnar með m/s Esju. Fylgibréfið með þeim var einnig merkt „Original“, og fylgdi því ávísun, að fjárhæð kr. 2508.30 (andvirði kolsýrunnar), sem Sindri seldi útibúi stefnanda á Akureyri. Ávísunin var síðan send stefnanda til innheimtu hjá ölgerðinni, sem enn neitaði greiðslu. Hins vegar afhenti stefnda ölgerðinni einnig þessar vörur. Útibú stefnanda hefur síðan reynt að fá ávísanirnar endurgreiddar hjá Sindra h/f, en þær tilraunir hafa reynzt árangurslausar vegna fjárhagsörðugleika félagsins.

Stefnandi telur, að stefnda hafi afhent báðar vörusendingarnar án heimildar, þar eð frumrit fylgibréfanna voru ekki fyrir hendi, og beri því að greiða fjárhæðir beggja ávísananna auk vaxta og málskostnaðar.

Stefnda styður sýknukröfu sína þeim rökum, að Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f hafi sýnt skilríki fyrir því, að hún hefði greitt vörurnar, er þær voru afhentar. Það hafi og verið venja þessara aðilja, að vörur væru afhentar, áður en þær væru greiddar, og hafi stefnda verið ókunnugt um, að breyting væri á þeirri venju orðin, svo og hafi sér og ölgerðinni verið ókunnugt, að annar en Sindri væri eigandi kröfunnar, enda hafi Sindri verið afhendingunni samþykkur.

Fylgibréf þau, sem gefin voru út á vegum stefndu, verður að telja heimildarbréf, þess eðlis, að við útgáfu þeirra hafi stefnda orðið bundin við að afhenda vörurnar ekki öðrum en þeim, sem hefði í höndum frumrit bréfanna samkvæmt formlega löglegri heimild eða sannaði ótvírætt rétt sinn til varanna. Af gögnum málsins er ljóst, að ölgerðin hafði hvoruga sendinguna greitt, þegar hún fékk vörurnar afhentar, og verður því að telja, að hvorugs fyrrgreindra skilyrða hafi verið gætt við afhendingu þeirra. Samkvæmt þessu var afhending varanna óheimil, eins og á stóð, enda er ósannað, að Sindri h/f hafi samþykkt hana, og ber því að dæma stefndu til að greiða stefnanda fjárhæðir ávísananna, kr. 5068.96, með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1951, en þann dag krafði stefnandi stefndu um greiðslu (sbr. dskj. nr. 6), svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Dóminn kváðu upp þeir Einar Arnalds borgardómari og með-

dómsmennirnir Jóhann Ólafsson forstjóri og dr. Þorsteinn Þorsteinsson fyrrum hagstofustjóri.

D ó m s o r ð :

Stefnda, Skipaútgærð ríkisins, greiði stefnanda, Landsbanka Íslands, kr. 5068.96 með 6% ársvöxtum frá 16. maí 1951 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. október 1956.

Nr. 191/1955. **Ákærvaldið** (Sigurður Reynir Pétursson)

gegn

Þorsteini Rúti Bjarnasyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Fjárhættuspil.

Dómur Hæstaréttar.

Fésekt á hendur ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 8000.00 til ríkissjóðs, og komi fangelsi 60 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur látið undan falla heitfestingu vitna, eftir því sem efni voru til.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þorsteinn Rútur Bjarnason, sæti fangelsi 60 daga og greiði 8000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fangelsi 60 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.